

## REGLUR

### um framgang akademíks starfsfólks við Háskólann á Akureyri.

#### 1. gr.

##### *Markmið.*

Reglur þessar gilda um framgang akademíks starfsfólks við Háskólann á Akureyri, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og 36. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 694/2022. Markmið framgangskerfis Háskólans á Akureyri er að hvetja akademískt starfsfólk til virkni og árangurs í starfi og auka með því gæði kennslu og rannsókna við Háskólann á Akureyri. Framgangur byggir á heildstæðu faglegu mati á frammistöðu og árangri í rannsóknum, kennslu, stjórnun og þjónustu í þágu Háskólans á Akureyri og samfélagsins.

Í reglum þessum er kveðið á um skilyrði þess að umsóknir um framgang verði teknar til meðferðar og lágmarksskilyrði þess að hljóta framgang í akademísku starfi.

#### 2. gr.

##### *Framgangur akademíks starfsfólks.*

Rektor Háskólans á Akureyri veitir framgang samkvæmt reglum þessum.

Lektor eða dósent getur óskað eftir framgangi í starfi. Rektor getur, án auglýsingar, flutt lektor í dósentstarf og dósent í prófessorsstarf, enda uppfylli viðkomandi skilyrði til að gegna starfinu samkvæmt hæfisdómi og áliti dómnefndar Háskólans á Akureyri eftir ákvæðum reglna þessara.

#### 3. gr.

##### *Flytiframegangur.*

Rektor er heimilt að veita framgang við nýráðningu ef viðkomandi starfsmaður uppfyllir þau skilyrði sem tilgreind eru í 6. gr. reglna þessara, enda liggja fyrir dómnefndarálit sem staðfesti það í samræmi við reglur þessar.

Forseti fræðasviðs getur óskað eftir flytiframegangi við ráðningu akademíks starfsmanns þannig að umsækjandi verði ráðinn í hærra starfsheiti en auglýst var. Slík beiðni skal gerð í samráði við þann sem ráða á. Rökstyðja skal beiðnina sérstaklega. Beiðnin skal send til stjórnsýslu rannsókna, sem heldur utan um meðferð málsins í umboði rektors.

Þegar um flytiframegang er að ræða skal liggja fyrir dómnefndarálit sem er ekki eldra en fimm ára gamalt og staðfestir að viðkomandi uppfylli þau skilyrði sem þarf til þess að hljóta framgang í viðkomandi starfsheiti.

Liggja ekki fyrir dómnefndarálit fer umsóknin til umfjöllunar dómnefndar háskólans, sbr. 7. gr. reglna þessara.

Dómnefnd skilar áliti sínu og tillögu til rektors um hvort veita beri framgang í viðkomandi starfsheiti.

#### 4. gr.

##### *Umsóknarfrestur og umsóknir.*

Sækja skal um framgang til stjórnsýslu rannsókna Háskólans á Akureyri til og með 1. nóvember ár hvert, en um flytiframegang er sótt strax í kjölfar nýráðningar, sbr. 3. gr. Framgangur samkvæmt reglum þessum tekur gildi við upphaf næsta skólaárs, þ.e. 1. júlí, en flytiframegangur frá sama tíma og nýráðning hefst.

Forsenda þess að umsókn um framgang sé tekin til meðferðar er að með umsókn fylgi staðfesting á því að viðkomandi starfsmaður uppfylli lágmarkskröfur um árafjölda í starfi og stigafjölda sem umsækjandi hefur áunnið sér með árlegu framtali starfa samkvæmt matskerfi opinberra háskóla, sbr. töflu 1 í 6. gr. Beiðni um ofangreindar upplýsingar skal berast stjórnsýslu rannsókna fyrir 1. október ár hvert.

Forseti fræðasviðs getur óskað eftir upplýsingum hjá stjórnsýslu rannsókna á því hvort starfsmaður, sem hann vill hvetja til að sækja um framgang, uppfylli skilyrði 6. gr. þessara reglna. Þegar

staðfest hefur verið að skilyrðin séu uppfyllt, tekur viðkomandi starfsmaður ákvörðun um það hvort hann leggur fram umsókn um framgang.

Sækja skal um framgang með rafrænum hætti. Umsækjandi skal tilgreina a.m.k. tvo einstaklinga sem samþykkt hafa að veita umsögn um verk hans. Þeir skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á sviði umsækjanda og skal a.m.k. annar þeirra starfa utan Háskólans á Akureyri. Umsókn skal vera á íslensku eða ensku, eftir því sem við á.

#### 5. gr.

##### *Dómnefnd.*

Við Háskólann á Akureyri starfar föst þriggja manna dómnefnd, sbr. 37. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 694/2022, sem metur allar umsóknir um akademísk störf, hvort sem um er að ræða nýráðningar, framgang eða ótímabundnar ráðningar. Í dómnefnd má skipa þau ein sem lokið hafa doktorsprófi eða hliðstæðu prófi úr háskóla og er miðað við að þau sem skipuð eru í dómnefnd hafi viðamikla reynslu af rannsóknum, kennslu og stjórnunarstörfum. Fastafulltrúar í dómnefnd skulu hafa að lágmarki dósentshæfi, nema formaður dómnefndar sem skal hafa verið metinn hæfur til að gegna starfi prófessors. Þegar dómnefnd fjallar um umsóknir um framgang í stöðu prófessors skal tryggt að þeir nefndarmenn sem að málinu standa séu allir með prófessorshæfi.

Í hverju framgangsmáli skal forseti fræðasviðs tilnefna sérfræðing á viðeigandi fræðasviði sem starfar með dómnefnd.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Hlutverk dómnefndar hvað varðar framgangsmál er eftirfarandi:

- a. Að meta heildarárangur og virkni umsækjenda í starfi sínu við Háskólann á Akureyri samkvæmt 7. gr. reglna þessara.
- b. Að veita rektor rökstutt álit um hvort mælt sé með því að framgangur verði veittur.

Dómnefnd aflar umsagna að lágmarki tveggja sérfræðinga í fræðigrein umsækjandans og skal að minnsta kosti annar þessara umsagnaraðila starfa utan Háskólans á Akureyri. Dómnefnd er heimilt að leita út fyrir þann hóp utanaðkomandi sérfræðinga sem umsækjandi tilgreinir í umsókn sinni, sbr. 4. gr. þessara reglna.

Dómnefnd skal funda að lágmarki einu sinni um hvert mál.

Í upphafi dómnefndarálits skal dómnefnd gera grein fyrir þeim forsendum og gögnum sem hún byggir á í mati sínu á umsækjanda. Í álitinu skal koma fram hvaða gagna dómnefnd hefur aflað af umsækjanda. Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um hvort umsækjandi telst, á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í reglum þessum, uppfylla skilyrði til að gegna því starfi sem umsækjandi óskar eftir framgangi í.

Álit dómnefndar eða meirihluta hennar skal vera afdráttarlaust um hvort umsækjandi uppfylli skilyrðin. Ef ágreiningur er innan dómnefndar ber sérhverjum dómnefndarfulltrúa að taka afstöðu til málsins. Minnihluta er heimilt að gera grein fyrir afstöðu sinni með rökstuddu séráliti. Ef atkvæði í nefndinni falla jöfn sker atkvæði formanns úr um niðurstöðuna. Ef dómnefnd er á einu máli skal hún skila einu álitu. Þegar álit dómnefndar liggur fyrir veitir nefndin umsækjanda 14 daga frest til að koma andmælum á framfæri, ef ekki er mælt með framgangi. Dómnefnd tekur afstöðu til andmæla og metur hvort þau gefi tilefni til breytinga á dómnefndarálitinu.

Mæli dómnefnd með framgangi sendir nefndin álit sitt til rektors eigi síðar en 30. apríl. Mæli dómnefnd ekki með framgangi er málið sent rektor til endanlegrar afgreiðslu.

#### 6. gr.

##### *Skilyrði þess að umsókn verði tekin til meðferðar.*

Forsenda þess að umsókn um framgang í starfsheitið dósent sé tekin til meðferðar af dómnefnd er sú að stjórnsýsla rannsókna hafi staðfest að umsækjandi:

- a. Hafi verið lektor við Háskólann á Akureyri eða gegnt sambærilegu starfi í að minnsta kosti samanlagt þrjú ár þegar framgangur er veittur. Mögulegt er að uppfylla lágmarkstímamann utan þeirrar deildar þar sem sótt er um framgang eða í sambærilegu starfi við annan háskóla.
- b. Hafi í formlegu mati náð tilteknum lágmarksfjölda stiga í matskerfi opinberra háskóla, sjá nánar töflur 1 og 2.

Forsenda þess að umsókn um starfsheitið prófessor sé tekin til meðferðar af dómnefnd er að stjórnslýsla rannsókna hafi staðfest að umsækjandi:

- Hafi verið dósent við Háskólann á Akureyri eða gegnt sambærilegu starfi í að minnsta kosti samanlagt þrjú ár þegar framgangur er veittur. Mögulegt er að uppfylla lágmarkstímamann utan þeirrar deildar þar sem sótt er um framgang eða í sambærilegu starfi við annan háskóla.
- Hafi í formlegu mati náð tilteknum lágmarksfjölda stiga í matskerfi opinberra háskóla, sjá nánar töflur 1 og 2.

| <b>Tafla 1</b>   |            |         |                           |          |      |
|--|------------|---------|---------------------------|----------|------|
| <b>Lágmarksstig fyrir hvern starfsþátt akademíks starfsmanns</b> |            |         |                           |          |      |
|  | Rannsóknir | Kennsla | Stjórnun, þjónusta, annað | Mismunur | Alls |
| Dósent   | 130        | 20      | -                         | 50       | 200  |
| Prófessor  | 270        | 50      | -                         | 80       | 400  |

| <b>Tafla 2</b>   |  |
|--|--|
| <b>Lágmarksfjöldi stiga úr tilgreindum flokkum rannsóknahluta matskerfis</b> |  |
|  | Ritryndar bækur (yfir 25 stig)<br>ISI greinar<br>Aðrar ritryndar greinar<br>Greinar í alþjóðlegum ráðstefnuritum<br>Bókarkaflar, alþjóðlegar akademískar útgáfur<br>Einkaleyfi |
| Dósent   | 80/90  |
| Prófessor  | 180/200  |

#### 7. gr.

##### *Mat á umsóknum um framgang.*

Umsókn um framgang er metin af dómnefnd Háskólans á Akureyri á grundvelli þessara reglna. Lagt er heildstætt mat á það hvort þekking, reynsla og framlag umsækjanda sé í samræmi við alþjóðleg viðmið á fræðasviði fyrir starfsheitið sem sótt er um framgang í. Við matið er litið til vísindalegs framlags og annars árangurs umsækjanda á starfsferli hans.

Umbeðin fylgigögn með umsókn eru kennsluferilskrá, feril- og ritaskrá, fjögur til átta vel valin vísindaverk umsækjanda og upplýsingar um framlag umsækjanda til verkanna þegar um fjölböfundaverk er að ræða. Skila má færri verkum ef um óvenju umfangsmikil rannsóknaverk er að ræða. Vísindaverkin skulu endurspegla feril viðkomandi.

Í umsókn skal gera grein fyrir rannsóknum, kennslu, stjórnun og þjónustu, sem og framtíðaráformum á þessum sviðum. Dómnefnd horfir til eftirfarandi þátta og metur eftir því sem við á. Ekki er gerð krafa um að umsækjandi uppfylli öll atriði. Þau eru til viðmiðunar og án forgangsröðunar til að auðvelda umsækjendum að gera grein fyrir störfum sínum og dómnefndum að meta fjölbreytt framlag starfsfólks:

#### **1. Rannsóknir.**

Lagt er mat á hæfni umsækjanda til að sinna rannsóknahluta þess starfsheitis sem sótt er um. Það er gert með því að skoða rannsóknaférl umsækjanda ásamt völdum vísindaverkum og framlagi umsækjanda til þeirra þegar um fjölböfundaverk er að ræða.

##### *Dósent.*

Við mat á umsókn um framgang í starfsheitið dósent er horft til eftirfarandi þátta eftir því sem við á:

- Virgni, sjálfstæðis, frumkvæðis og áhrifa í rannsóknum.
- Fjöldi rannsóknastiga og umfangs rannsókna.
- Gæða birtingarvettvangs.

- d. Sóknar umsækjanda í samkeppnissjóði sem eru í vörslu innan og utan Háskólans á Akureyri.
- e. Að hvaða marki umsækjandi er leiðandi í samstarfsverkefnum.
- f. Reynslu, virkni og framlags í alþjóðlegu og innlendu rannsóknasamstarfi.

*Prófessor.*

Við mat á umsókn um framgang í starfsheitið prófessor eru gerðar viðtækari kröfur varðandi framlag til rannsókna en gildir um framgang til starfs dósents. Við mat á umsókn um framgang í starfsheitið prófessor er horft til eftirfarandi þátta eftir því sem við á:

- a. Virkni, sjálfstæðis, frumkvæðis og áhrifa í rannsóknum.
- b. Fjölda rannsóknastiga og umfangs rannsókna.
- c. Birtingarvettvangs sem gerir strangar fræðilegar kröfur.
- d. Framlags umsækjanda þegar um fjölbreytt verk er að ræða.
- e. Hlutverks við fjármögnun vísindarannsókna hér á landi og erlendis.
- f. Að hvaða marki umsækjandi er leiðandi í samstarfsverkefnum.
- g. Reynslu, virkni og framlags í alþjóðlegu og innlendu rannsóknasamstarfi.

## 2. Kennsla.

Lagt er mat á hæfni umsækjanda til að sinna kennsluhluta þess starfs sem sótt er um framgang í.

*Dósent.*

Við mat á umsókn um framgang í starfsheitið dósent er horft til eftirfarandi þátta eftir því sem við á:

- a. Kennsluferils.
- b. Mats á gæðum kennslu, m.a. með hliðsjón af námskeiðsmati.
- c. Samþættingar rannsókna og kennslu.
- d. Þátttöku í verkefnum á sviði kennsluþróunar.
- e. Leiðbeiningar lokaverkefna.

*Prófessor.*

Við mat á umsókn um framgang í starfsheitið prófessor er horft til þess hvort framþróun hafi átt sér stað frá því að umsækjandi fékk framgang í starf dósents. Horft er til eftirfarandi þátta eftir því sem við á:

- a. Kennsluferils.
- b. Mats á gæðum kennslu, m.a. með hliðsjón af námskeiðsmati.
- c. Samþættingar rannsókna og kennslu.
- d. Fjölbreytni í kennsluaðferðum.
- e. Þátttöku í verkefnum á sviði kennsluþróunar.
- f. Leiðbeiningar lokaverkefna í rannsóknatengdu framhaldsnámi.

## 3. Stjórnun.

Lagt er mat á hæfni umsækjanda til að sinna stjórnunarhluta þess starfs sem sótt er um framgang í.

Við heildarmat umsóknar styrkir þátttöku í nefndum, starfshópum og öðrum stjórnunarstörfum umsóknina.

*Dósent.*

Við mat á umsókn um framgang í starfsheitið dósent er gerð krafa um reynslu af akademískri stjórnun í samræmi við starfsskyldur lektors. Horft er til eftirfarandi þátta eftir því sem við á:

- a. Setu í nefndum, starfshópum eða annarrar stjórnunar á vegum deildar eða námsbrautar.
- b. Setu í nefndum, starfshópum eða annarrar stjórnunar á vegum fræðasviðs.
- c. Annarra mögulegra stjórnunarstarfa.

*Prófessor.*

Við mat á umsókn um framgang í starfsheitið prófessor er gerð krafa um reynslu af akademískri stjórnun og akademískum þjónustustörfum í samræmi við starfsskyldur dósents. Horft er til eftirfarandi þátta eftir því sem við á:

- a. Setu í nefndum, starfshópum eða annarrar stjórnunar á vegum deildar eða námsbrautar.
- b. Setu í nefndum, starfshópum eða annarrar stjórnunar á vegum fræðasviðs.
- c. Setu í nefndum, starfshópum eða annarrar stjórnunar á vegum rektors eða háskólaráðs.

- d. Innlendra nefndarstarfa sem byggja á sérfræðipækkingu umsækjanda, en eru utan Háskólans á Akureyri.
- e. Alþjóðlegra nefndarstarfa sem byggja á sérfræðipækkingu umsækjanda.
- f. Að hve miklu leyti umsækjandi hefur haft leiðandi hlutverk við stjórnun.

#### 4. Þjónusta – tengsl við samfélag og atvinnulíf.

Lagt er mat á hæfni umsækjanda til að sinna þjónustu við samfélag og atvinnulíf í krafti sérþekkingar sinnar. Horft er til þess hvernig sú þjónusta tengist stefnu Háskólans á Akureyri. Við heildarmat umsóknar styrkir þátttaka í nefndum, starfshópum og öðrum stjórnunarstörfum umsóknina.

##### *Dósent.*

Við mat á umsókn um framgang í starfsheitið dósent er horft til eftirfarandi þátta eftir því sem við á:

- a. Erinda á málþingum, málstofum eða fundum sem ekki falla undir akademískan vettvang, hér á landi og erlendis.
- b. Annars konar miðlunar sérþekkingar, sem ekki fellur undir akademískan vettvang, til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag og á alþjóðavettvangi.
- c. Álitsgerða og skýrslna sem ætlaðar eru aðilum utan akademíunnar.
- d. Skipulagningar vísindaráðstefna.
- e. Setu í ritstjórnnum bóka og tímarita almenns eðlis sem byggir á fræðilegri sérþekkingu.
- f. Almenns fræðsluefnis og þýðinga, byggt á fræðilegri sérþekkingu.

##### *Prófessor.*

Við mat á umsóknum um framgang í starfsheitið prófessor er horft til eftirfarandi þátta eftir því sem við á:

- a. Álitsgerða og skýrslna sem ætlaðar eru aðilum utan akademíunnar.
- b. Erinda á málþingum, málstofum eða fundum sem ekki falla undir akademískan vettvang, hér á landi og erlendis.
- c. Annars konar miðlunar sérþekkingar, sem ekki fellur undir akademískan vettvang, til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag og á alþjóðavettvangi.
- d. Skipulagningar alþjóðlegra vísindaráðstefna.
- e. Opinberra matsstarfa.
- f. Hagnýtingar rannsókna.
- g. Þátttöku í ritstjórnnum bóka og tímarita almenns eðlis sem byggir á fræðilegri sérþekkingu.
- h. Almenns fræðsluefnis og þýðinga, byggt á fræðilegri sérþekkingu.
- i. Stofnunar sprotafyrirtækja.

8. gr.

##### *Lagastoð og gildistaka.*

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 17. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast gildi 1. ágúst 2023, að því undanskildu að skilyrði reglnanna um lágmarkstíma í starfsheiti gilda ekki um starfsfólk sem ráðið er fyrir gildistöku reglnanna. Á sama tíma falla úr gildi reglur nr. 1010/2016 um framgang og ótímabundna ráðningu starfsmanna við Háskólann á Akureyri.

*Háskólanum á Akureyri, 22. júní 2023.*

**Eyjólfur Guðmundsson** rektor.

—————  
B-deild – Útgáfudagur: 7. júlí 2023